

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

1. Umferð:

Á Hlíðarbraut er umferð heimil í báðar áttir.

2. Bifreiðastöður:

Bifreiðastöður eru bannaðar á um 20 m kafla á Hlíðarbraut gegnt Holtsgötu.

Með auglýsingu þessari eru felld úr gildi ákvæði auglýsingar um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði frá 30. okt. 1978 hvað Hlíðarbraut snertir.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 10. mars, 1980.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 5. mars 1980.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Miðneshreppi.

1. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvísunum, sem hreppsnefnd metur gildar, að hjálpar annarrar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum sveitarstjóra, eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.

2. gr.

Heimilisþjónusta felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

4. gr.

Starfsfólki heimilishjálpar skal gefinn kostur á að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína á þessu sviði.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

5. gr.

Hreppssjóður Miðneshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilshjálpin kaupir.

6. gr.

Fyrir heimilisþjónustu skv. reglugerð þessari og reglum sem hreppsnefnd setur þar um, skal sá sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd setur, þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaður við hjálpinu. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfæslukostnað.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem hún telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.

Miðneshreppur annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar hreppssjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögu- um til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. mars 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er í 2. gr. segir.

2. gr.

1. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði þó aðeins vera 35 km á klukkustund:
 - a. Alþjóðabraut milli gatnamóta Bogagötu og Flutningabrautar F og milli Suðurgötu og Grjótagötu.
 - b. Uppland.
 - c. Akbrautir gegnum íbúðahverfi sunnan Austurbrautar og austan Flugvallarveg, svo og austan Suðurgötu og norðan Austurbrautar.
 - d. Vesturbraut milli Vesturlands og Alþjóðabrautar.